

Minnisblað

Dreifing

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri
Guðjón Friðriksson, bæjarritari

3.11.2017

Tílefni

Aðstaða fyrir heilsurækt

Mat umsókna í forvali

17173

Höfundur

Þorbergur Karlsson

1 Inngangur

Þann 31. október s.l. rann út frestur til að skila umsóknum í forvali fyrir heilsuræktaraðstöðu við Íþróttamiðstöðina í Ásgarði. Þrjár umsóknir bárust og voru þær frá eftirtöldum aðilum:

- ▶ RFC ehf (Reebok fitness).
- ▶ Laugar ehf (World Class).
- ▶ Sporthöllin ehf (Sporthúsið).

Umsóknirnar hafa nú verið yfirfarnar og metnar í samræmi við ákvæði forvalsgagna og eru niðurstöðurnar að finna hér á eftir.

2 Mat umsókna

Öllum umsóknunum fylgja umbeðin gögn um reynslu umsækjenda, viðskiptahugmynd og fjárhagslegar aðstæður.

Allir umsækjendur hafa reynslu af rekstri heilsuræktarstöðva sem eru í fullum rekstri. Þá eru allir umsækjendur í skilum með opinber gjöld og lífeyrissjóðsiðgjöld samkvæmt framlögðum gögnum.

Hugmyndir umsækjanda um rekstur heilsuræktaraðstöðu byggja á mismikilli uppbyggingu húsnæðis við Íþróttamiðstöðina. Ekki var farið fram á að umsækjendur gerðu nákvæma grein fyrir þeirri uppbyggingu í umsókninni. Þær hugmyndir verða mótaðar í næsta áfanga útboðsins sem nær til útfærslu hugmynda.

Í eftirfarandi greinum er að finna umsögn um hverja umsókn um sig.

2.1 RFC ehf

Umsækjandi setur fram tvær frumhugmyndir að mismikilli uppbyggingu aðstöðu í og við Íþróttamiðstöðina við Ásgarð auk þess að sem endurbætur verða gerðar á hluta núverandi aðstöðu. Þá setur umsækjandi einnig fram vangaveltur um uppbyggingu á fleiri stöðum í Garðabæ.

Ekki kemur fram með skýrum hætti hver áætluð velta verður á 2. starfsári heilsuræktaraðstöðunnar. Gerð er krafa um að velta umsækjanda fyrir hvort áranna 2015 og 2016 um sig skuli vera a.m.k. tvöföld áætluð velta á 2. starfsári. Með samanburði er augljóst mál að umsækjandi uppfyllir þetta skilyrði. Því er litið á þetta atriði sem minniháttar vöntun í umsókninni.

2.2 Laugar ehf

Umsækjandi gerir ráð fyrir byggingu húss við íþróttamiðstöðina og endurbótum á hluta núverandi húsnæðis. Áformað er að aðstaðan leysi af hólmi aðra aðstöðu sem umsækjandi rekur í nágrenninu.

Umsóknin uppfyllir allar gerðar kröfur.

2.3 Sporthöllin ehf

Umsækjandi gerir ráð fyrir að byggja aðstöðu fyrir heilsurækt við íþróttamiðstöðina. Þar verði ennfremur rekin sjúkráþjálfun og kíropraktorstofa.

Umsóknin uppfyllir allar gerðar kröfur.

3 Niðurstöður

Lagt er til að ofantöldum þremur aðilum verði boðin þátttaka í næsta stigi þessa útboðs, þ.e. að setja fram hugmyndir sínar í formi byggingalýsinga, uppdrátta og í útfærðu viðskiptamódeli.

Miðað er við að útboðsgögn fyrir hugmyndastigið verði send þátttakendum fyrir 15. nóvember með það að markmiði að skil hugmynda verði fyrir jól.

Þorbergur Karlsson